

„Fyrir ofan garð og neðan“

Fræðsluþing um forna garða í Svarfaðardal og Árskógsströnd
Menningarhúsinu Bergi á Dalvík 6. nóv kl 13:00-16:00



Náttúrusetrið á Húsabakka heldur fræðsluþing um forna garða í Svarfaðardal og Árskógsströnd í **Menningarhúsinu Bergi** laugardaginn 6. nóvember kl 13:00-16:00.

Í sumar fóru fram frumrannsóknir á nokkrum af þeim fjölmörgu fornu görðum sem er að finna í Svarfaðardal og Árskógsströnd. Garðar þessir eru án efa elstu mannvirki sem enn eru sýnileg á þessu svæði og segja mikla sögu um búskaparhætti frumbyggja héraðsins.

Á fræðsluþinginu verða m.a. kynntar niðurstöður öskulagagreininga á aldri garðanna, samanburður gerður á svarfælsku görðunum og sambærilegum görðum í Þingeyjarsýslu auk þess sem farið verður út í almenna búskaparsögu á svæðinu.

Flutt verða þrjú framsöguerindi:

Sveitarlangur og aðrir svarfdælskir garðar – Elín Ósk Hreiðarsdóttir fornleifafræðingur.

Þjóðveldisgarðar í Þingeyjarsýslum – Árni Einarsson líffræðingur.

Um búskaparhætti Svarfdælinga fyrir á öldum (um 900-1400) – Árni Daníel Júlíusson sagnfræðingur.

Á eftir framsöguerindum verða almennar umræður og frummælendur svara fyrirspurnum.

Fræðsluþingið er styrkt af Menningarráði Dalvíkurbyggðar.

Allir velkomnir!